

Umhverfisstofnun
Áb. SF
17 JAN. 2005
47.10
Tilv UST20050100004

Skipulagsstofnun  
 Þóroddur F. Þóroddsson  
 Laugavegi 166  
 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er umhverfisstofnunin sem hefur til hendi að óskar um ófyrirvara fyrir óvirkan úrgangum og að óskar um ófyrirvara fyrir óvirkan úrgangum. Umhverfisstofnunin hefur til hendi að óskar um ófyrirvara fyrir óvirkan úrgangum og að óskar um ófyrirvara fyrir óvirkan úrgangum.

14. janúar 2005

Tilvísun: UST20050100004/sf

### Móttöku- og flokkunarstöð úrgangs fyrir Sorpsamlag Þingeyinga. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 29. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir förgunarstöð úrgangs fyrir Sorpsamlag Þingeyinga, Húsavík.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

1. Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um heildaríbúafjölda í viðkomandi sveitarfélögum og spá um íbúaþróun og möguleg áhrif af þróun í atvinnustarfsemi.
2. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að varmaorka frá brennslu- og orkunýtingarkerfinu verði nýtt í orkuveri Orkuveitu Húsavíkur til að auka raforkuframleiðslu. Umhverfisstofnun bendir á að í matsskýrslu verður að fjalla um hvort sú staða geti komið upp að varmaorkan nýtist ekki að fullu og ef svo er, hvað gert verði við þá umframorku.

3. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir að aska frá vinnslu sorps í kerfinu sé óvirkur úrgangur og hún verði því urðuð á urðunarstaðnum í Laugardal. Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun vantar um flugósku og einnig leir ef notaður verður vothreinsibúnaður. Fjalla verður um þessi atriði í matsskýrslu. Ennfremur á eftir að ganga úr skugga um hvort askan og gjall teljist óvirkur úrgangur og uppfylli kröfur varðandi viðmiðanir fyrir óvirkana úrgang sem fram koma í gr. 2.1 viðauka II með reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, svo urða megi úrganginn á urðunarstað fyrir óvirkana úrgang. Úrgangurinn skal til raunþróunar gangast undir þrófun eins og mælt er fyrir um í 1. lið greinarinnar. Ef úrgangurinn er mengaður eða hann inniheldur efni á borð við málma, asbestos, plast eða önnur efni í þeim mæli að það auki áhættuna sem fylgir úrganginum svo mjög að það nægi til að réttlæta förgun hans á urðunarstöðum í öðrum flokkum telst hann ekki tækur á urðunarstað fyrir óvirkana úrgang.

4. Samkvæmt tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir þeim möguleika að hægt verði að auka afköst stöðvarinnar úr 8.000 tonnum á ári í 16.000 tonn á ári, sbr. kafla 1.4 *Sorpagn og*

*aakin afköst* og kafla 1.6 *Afmörkun framkvæmdar*. Umhverfisstofnun telur að vegna þessa eigi að fjalla um hugsanlega stækkan stöðvarinnar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, t.d. sem 2. áfanga, og skuli matsáætlun miðast við það.

5. Í kafla 1.5, *Matsskylda og starfsleyfi*, kemur fram að fyrirhugað sé að vinna að öflun starfsleyfis samhliða mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að samþykki Skipulagsstofnunar þarf fyrir því að starfsleyfi sé unnið samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar, sbr. 30. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt reglugerðinni skal samþykki Skipulagsstofnunar þess efnis liggja fyrir áður en matsáætlun er lögð fram.

6. Í kafla 4, *Mat á umhverfisáhrifum*, í tillögu að matsáætlun vantar kafla um brennslukerfi, hreinsunarbúnað og nýtingarhlutfall orku. Í kafla 4.6, *Umfjöllunaráætlun*, þarf að koma fram að fjallað verði um og lýst brennslukerfi og þeim hreinsunarbúnaði sem notaður verður. Einnig verður að fjalla um nýtingarhlutfall orku í matsskýrslu.

7. Í matsskýrslu þarf að tilgreina fjarlægð frá svæðum þar sem fólk heldur sig, hvort sem um er að ræða íbúðarsvæði, útvistarsvæði eða önnur svæði.

8. Í matsskýrslu þarf auk uppdráttar af fyrirhugaðri staðsetningu framkvæmdar og mögulegum staðarvalskostum að vera uppdráttur af líklegu áhrifasvæði framkvæmdar, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum

9. Í kafla 4.4, *Hljóð og umferð*, kemur fram að lagt verður mat á hvað niður frá skorsteinsblásara hreinsibúnaðar verði í desibelum á lóðarmörkum og við þjóðveg. Umhverfisstofnun bendir á að í ljósi niðurstaðna þeirra útreikninga þarf að meta hvort grípa þarf til mótvægisæðgerða vegna hávaða og þá hvaða.

10. Í kafla 4.5, *Áhrif á jörð, vatn, gróður og dýralíf*, í tillögu að matsáætlun er vísað til athugana sem gerðar hafa verið á náttúrufari og minjum, fornleifum og vatnafari og votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í hverju þessar athuganir fólust, hvert rannsóknarsvæðið var, hvernig staðið var að rannsóknum né hver niðurstaða þeirra var. Út frá þeim upplýsingum sem koma fram í tillögu að matsáætlun er því ekki hægt að meta hvort þörf er á frekari rannsóknum á náttúrufari vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Umhverfisstofnun bendir á að í matsskýrslu er nauðsynlegt að fjalla um náttúrufar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og mögulegum staðarvalskostum og áhrif framkvæmda á náttúrufar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Friðriksdóttir  
fagstjóri

Helgi Þessson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs